



HS VEITUR HF

## *Gjaldskrá* *Greiðslumáttar*

**Nr. 1**  
**1. janúar 2009**

**Aðrir valkostir sem boðið er upp á við greiðslu reikninga.**  
**”Rafrænar greiðslur”, ”Beingreiðslur” og ”Boðgreiðslur” .**

”**Rafrænar greiðslur**” Reikningar eru sendir rafrænt í heimabankann, enginn gluggapóstur og engin seðilgjöld. Rafrænar greiðslur í heimabanka er góður kostur fyrir þá viðskiptavini sem nota heimabanka mikið. Reikningurinn er aðgengilegur á rafrænu yfirliti í heimabankanum og krafan birtist með öðrum ógreiddum kröfum. Þú getur skrifað reikninginn út ef þú vilt eiga hann á pappír.

”**Beingreiðslur**” eru með þeim hætti að viðskiptavinur HS Veitna hf hefur samband við viðskiptabanka sinn og óskar eftir að greiða orkureikningana í beingreiðslu. Bankinn sér síðan um samskipin við HS Veitur hf og gengur frá því að greiðslukröfur berast til bankans á rafrænu formi og engir reikningar verða skrifaðir út.

”**Boðgreiðslur**” eru með svipuðum hætti og beingreiðslur, nema í þessu tilfelli er um að ræða skuldfærslu á kreditkort. Þetta virkar þannig að viðskiptavinurinn snýr sér til HS Veitna hf beint og þar er gengið frá því að reikningar fara rafrænt til viðkomandi kortafyrirtækis..

Séu þessi greiðslumáttar valdir, fær viðskiptavinurinn yfirlit yfir notkun sína og viðskipti einu sinni á ári án aukakostnaðar, það er þegar lesið er af orkumælum hjá honum og uppgjörsreikningur er gefinn út.

**HS Veitur hf vilj hvetja viðskipta vini sína til að velja sér eitthvað af þessum greiðsluformum og komast þannig hjá greiðslu seðilgjalda og koma greiðslunum í ákveðinn farveg.**

**Með því er orkukaupnum komið í fastann farveg og auk beins sparnaðar ert þú laus við dráttarvexti, innheimtugjöld, lokanir og önnur óþægindi sem ætíð fylgja ef vanskil verða.**